



Matvælaráðuneyti  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík  
[mar@mar.is](mailto:mar@mar.is)

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 8. febrúar 2022

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (lífræn framleiðsla), mál nr. 18/2022**

Á Samráðsgátt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara (hér eftir „reglugerðin“). Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið málið til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Meginmarkmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt reglugerðina en um er að ræða nýja reglugerð sem leysa af hólmi eldri reglur sem innleiddar voru í íslenska löggjöf. Er með innleiðingunni stefnt að einföldun regluverks sem gildir um lífræna framleiðslu, styrkja eftirlitskerfi með framleiðslunni, stuðla að ábyrgri notkun orku og náttúruauðlinda, viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og aukinni dýravælfæð.

Hafa ber í huga að gildistökudagur reglugerðarinnar, sem sett var 30. maí 2018, var 1. janúar 2021. Ástæða þótti að hafa um tveggja hálfis árs aðlögunarfrest til að koma til móts við aðildarríki og haghafa innan Evrópusambandsins til að tryggja eðlilegt svigrúm til að bregðast við breytingunum. Með tilkomu Covid-19, í byrjun árs 2020, var talið að aðildarríki og hagaðilar myndu ekki hafa þá burði né vera í þeirri aðstöðu að tryggja rétta framkvæmd og beitingu reglugerðarinnar eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Var af þeim sökum ákveðið að fresta gildistöku reglugerðarinnar um eitt ár til viðbótar eða til 1. janúar 2022. Aftur var það gert til að tryggja að öll starfsemi hagaðila sem heyrir undir greinina yrði með sem eðlilegustum hætti og forðast mögulega markaðsárekstra.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögum er tekið fram að reglugerðin hafi ekki verið tekin upp í EES-samninginn en að ákvörðun um muni þó liggja fyrir eigi síðar en föstudaginn síðasta, þann 4. febrúar 2022. Sú ákvörðun liggur nú fyrir. Þar er einnig bent á mikilvægi þess að undirbúningi sé lokið með lagasetningu svo að reglugerðin öðlist gildi eins fljótt og verða má svo ekki verði mikil röskun á opinberu eftirliti með lífrænum afurðum og inn- og útflutningshagsmunum verði ekki stefnt í uppnám. Ljóst má vera að við innleiðingu umræddrar reglugerðar í íslenskan rétt stendur ekki til að gæta að því að íslenskir framleiðendur geti aðlagað sig að breyttu regluverki, líkt og gildir um samkeppnisaðila þeirra innan Evrópusambandsins. Í engu virðist gætt að hagsmunum framleiðenda né heldur haft samráð þá við undirbúning frumvarpsins. Það er fyrirséð að frumvarpið mun hafa áhrif töluverð á framleiðendur, eins og um getur í mati á áhrifum í greinargerð. Má þar nefna kostnaðarauka vegna breytinga sem gera þarf á aðbúnaði og húsakynnum. Aðlögunartími og samkeppnisforskot evrópskra samkeppnisaðila, samkvæmt framangreindu, eru því tæp fjögur ár.



Athygli vekur að við mat á áhrifum og sérstökum hagsmunum Íslands í meðferð málsins hjá sameiginlegu EES-nefndinni virðist einungis ein tillaga borin fram, sem sneri að þéttleika bleikju í vottuðu, lífrænu eldi. Umhverfi lífrænnar ræktunar hérlendis hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og sérstaða Íslands mjög mikil í öllum auðlindum landsins sem og orkumálum og umhverfi. Vekur því furðu að ekki hafi verið litið til annarra framleiðslugreina við meðferð málsins á vettvangi EES.

SI telur mikilvægt að við innleiðingu á umræddri reglugerð sé hugað að hagsmunum íslenskra framleiðenda og þeim veittur hæfilegur aðlögunarfrestur svo unnt sé að að jafna samkeppnisstöðu þeirra gagnvart framleiðendum lífrænt vottaðra vara frá Evrópu. Skynsamlegast væri að stjórnvöld myndu nýta þann tíma til að greina betur raunverulega hagsmuni, starfsumhverfi sem og mögulegar undanþáguheimildir íslenskra framleiðenda.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Sigurðarson', is written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði